

# ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999

Útgáfa II. Júní 2008

# U-POL



## UPOL POLYESTER FYLLIEFNI

Fyrir öll U-POL polyéster-fylliefni (með stýren sem uppistöðuefni):

**Extra Gold, Top Stop, SMC, P38, P40, Plastic Repair System Part B**

**Vörunr. 550: SMCW2, TOPG2, TOPGBL, TOPGBM, UPEG10, UPEG2, UPEGBL, UPOL1K, UPOL2K, UPOL4K, EASYBMP, P38 (öil), P40 (öil).**

Þessar öryggisleiðbeiningar eiga einnig við alla herða fyrir efnin.

Innihald:

1. *Söluheiti*
2. *Samsetning*
3. *Viðvörðun*
4. *Skyndihjálp*
5. *Eldsvoði*
6. *Efnaleki*
7. *Meðhöndlun*
8. *Persónuhlífar*
9. *Efnaeiginleikar*
10. *Áhrifavaldar*
11. *Eiturfræði*
12. *Umhverfismál*
13. *Förgun*
14. *Flutningur*
15. *Lög og reglur*
16. *Annað*

### 1. Söluheiti efnis. Nafn, heimilisfang og sími innflytjanda og/seljanda.

Söluheiti: **UPOL Polyester filler**  
Vörunúmer: 550- (Sjá hér að ofan)  
Efni/Notkun: Fylliefni - viðgerðarefni, 2ja þátta  
Dreifing: **N1 hf. Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi.**  
Sími 440 1000  
Framleiðandi: **Upol Products UK.**  
Neyðarsími framleiðanda: 00-44-1933-230310  
**Sími Neyðarlínu, Lögreglu, Sjúkraliðs, Slökkviliðs: 112**  
Upplýsingamiðstöð v/eitrunar, Landsspítala í Fossvogi,  
Rvk. Sími 543 2222

### 2. Viðvörðun.

Hætta: **Hættulegt við innöndun.**

Viðvörðun um hættu:

Ertir augu og húð  
Eldfimt

### 3. Samsetning efnis - upplýsingar um innihald.

CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti.	Styrkur %	Hættu- flokkur	Hættusetningar
100-42-5	202-851-5	Stýren	10,0-30,0	Xn	10-20-36/38

### 4. Skyndihjálp.

Almennt:

Við innöndun: Getur valdið sljóleika og óþægindum í öndunarvegi.

Snerting við húð: Getur valdið ertingu við endurtekna eða lengri tíma snertingu og valdið húðbólgu.

Snerting við augu: Getur valdið ertingu og sárindum.

Við inntöku: Getur valdið sárindum í hálsi, magaverkjum, svima.

Framhald á bls. 2

**Skyndihjálpar - Viðbrögð:**

Innöndun:	Flytjið viðkomandi tafarlaust þangað sem er ferskt loft. Hverfi svefndrungi ekki skal leita læknaaðstoðar.
Húð:	Skolið áreitt svæði með volgu sápuvatni. Notið ekki leysiefni.
Augu:	Skolið með miklu magni vatns og leitið síðan tafarlaust læknaaðstoðar.
Inntaka:	Framkallið ekki uppsölur, látið viðkomandi drekka mikið vatn og leitið læknaaðstoðar.

**5. Eldsvoði: Slökkvun.**

Slökkviefni - aðferð:	Notið kolsýru, duft eða kemíska froðu. Notið ekki vatnsbunu.
Athugið:	Við bruna myndar efnið eitraðar gufur og reyk. Forðist innöndun. Nota skal öndunarbúnað með tilfærðu lofti við slökkvistarf.

**6. Efnaleki.**

Efnið er tregfljótandi. Spillist efnið niður skal skafa það upp með spaða. Gætið þess að efnið komist ekki í niðurföll. Forðist neistagjafa. Farið með ónotað/ónothæft efni í samræmi við gildandi lög og reglugerðir viðkomandi sveitarfélags.

**7. Meðhöndlun og geymsla.**

Meðhöndlun:	Haldið efninu fjarri hita. Haldið neistagjöfum fjarri efninu. Forðist beina snertingu (húð augu) við efnið. Notið hlífðargleraugu til að varna því að efnið geti borist í augu. Notið einungis þar sem er virk loftræsting.
Geymsla:	Geymið ekki við hærra hitastig en 25°C. Geyma skal efnið í upphaflegum umbúðum á þurrum og vel loftræstum stað.

**8. Persónuhlífar - forvarnir.**

Ráðstafanir:	Snyrtimennska og hreinlæti við vinnu dregur úr hættu á óhöppum. Einstaklingar með viðkvæma húð eða önnur ofnæmiseinkenni skyldu ekki vinna með þetta efni.		
Mengunarmörk:	Efni:	8.klst.	15. mín.
		<b>meðalgildi</b>	<b>þakgildi</b>
		mg/m <sup>3</sup>	mg/m <sup>3</sup>
	Stýren	430	1080

**Persónuhlífar:**

Augu:	Hlíðarglæraugu eru ekki nauðsynleg.
Hlíðarfatnaður:	Mælt með hlíðarfatnaði.
Öndun:	Notið öndunargrímu fyrir rykagnir viðurkennda samkv. FFP1SD-EN 149 (við slípun harðnaðs efnis).
Húð:	Mælt með notkun hlíðarkrems.

**9. Eðlis- og efnaeiginleikar.**

Form/útlit/lykt:	Klístrað kitti/spartl, dauf sérkennandi lykt af stýreni.
Sýrustig (pH):	
Bræðslumark:	
Suðumark:	
Blossamark:	32 °C (Stýren)
Sjálfkveikimörk:	490 °C (Stýren)
Sprengimörk:	Lægri 1,1%. Efri 6,1% (Stýren)
Eldsmötun:	
Lífr. rokefni:	300 g/l
Gufuinnihald:	11-25%
Seigja:	500.000-1.000.000 cp
Rúmþyngd:	1,50 g/rsm
Uppleysun:	Leysist ekki upp í vatni. Leysist upp í flestum lífr. leysiefnum.

**10. Áhrifavaldar (stöðugleiki).**

Stöðugleiki:	Getur fjölliðast (storknað) við hærra hitastig í lengri tíma með hjálp sólaljóss (útfjólublá geislun) eða með utanaðkomandi hvötum svo sem lífrænnna peroxyða. Varmamyndun við storknun getur hækkað hitastig efnisins umfram sjálfkveikimörk. Niðurbrot vegna varma getur myndað sýrugufur. Fjölliðun í lokaðri umbúð getur valdið hækun þrýstings og skemmdum.
--------------	--

**11. Eiturfræðileg atriði.**

Eftirfarandi niðurstöður eru fyrirbyggjandi:

Stýren:

Inntaka LD50, rottur, 5g/kg.

LC50, rottur, 2770-6000 ppm

Lykt af stýren er merkjanleg við 25 ppm. Við 200-400 ppm verða merkjanleg ertandi áhrif í nösúm/öndunarveg. Við 400-1000 ppm aukast þessi áhrif og geta leitt til sljóleika, velgju og höfuðverkjá. Við 800 ppm og hærri mörk má búast við illþolanlegum áhrifum á slímhúð. Við 1000 ppm og hærri mörk skapast hætta á dauðfalli innan einnar klukkustundar.

Engin gögn/rök eru þekkt um að Stýren sé krabbameinsvaldur í mönnum.

**12. Skaðsemi gagnvart umhverfi.**

Ath. **Efnið er flokkað sem mengunarvaldur í sjó og óniðurbjótanlegt.**

Vistfræðileg áhrif: Pólýester-kvoður eru seigfljótandi vökvi sem losar leysiefni með uppgufun eða fjölliðun (efnahvörfun). Efnið sem eftir verður er tiltölulega óvirkt og brotnar ekki niður í náttúrunni nema að takmörkuðu leyti.

**13. Förgun.**

Fara skal með afganga af þessu efni og umbúðir þess sem iðnaðarúrgang og farga í samræmi við gildandi lög og reglur viðkomandi sveitarfélags og í samráði við starfsmenn spilliefna-móttöku.

**14. Flutningur.**

	Málningarefni (í settum)	Pólýester-kvoða (í settum)
Farmheiti:		
UN Nr.	UN 1263	UN 3269
Flokkur:	3.3	
Samr. Kerfisnr.	390791 10 0.	390791 10 0.
Umbúðaflokkur:	III	III

Kröfum staðals um flutning á hættulegum efnum á vegum eða með járnbrautum er fullnægt (flokkun, umbúðir, og merking). Upplýsingar varðandi alþjóðlegan flutning fást hjá útfi.deild UPOL í síma 0044-(0)-20 84925950

**15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni**

Varnaðarmerkingar skv. Reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilsk. ESB.

Varnaðarmerking: Xn Skaðlegt heilsu  
Blindramerking.

Inniheldur: **Stýren**



Hættusetningar: **H20** Hættulegt við innöndun.  
**36/38** Ertir augu og húð.

Framhald á bls. 5

Varnaðarsetningar: **V2** Geymist þar sem óvitar ná ekki til.  
**V3** Geymist á köldum stað.  
**V46** Leiðið umsvifalaust læknis eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.  
**V51** Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

**Íslensk lög og/eða reglur sem gilda um þessa ákveðnu vöru:**

Reglugerð um flokkun eiturefna nr. 236/1990  
Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum nr. 602/1999.  
Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum nr. 765/2001.  
Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980  
Reglur um mengunarmörk og aðg. til að draga úr mengun á vinnustöðum nr. 154/1999.  
Reglur um eldvarnir.

**16. Aðrar upplýsingar.**

Hættusetningar í kafla 3.

**H10** Eldfimt.

**H20** Hættulegt við innöndun.

**36/38** Ertir augu og húð.

**Hættulýsing; sjá kafla 15.**

Helsta hætta sem líkleg er til að skapast er við slípun fylliefnisins eftir að það hefur storknað og þá af ryki sem getur myndast. Ryk af hvaða uppsprettu sem er og nægilega þétt verður að umgangast sem hættuleg og heilsuskaðlegt. Því er **mjög** mikilvægt að gerðar séu ráðstafanir til að sem minnst ryk nái að myndast.

Fylliefni okkar hafa verið þróuð sérstaklega til þess að þau megi slípa blaut. Við blautslípun loftþornar flöturinn á innan við 30 sek. Margir sérfræðingar telja að betri árangur og sléttari flötur náist með blautslípun sem jafnframt girðir fyrir myndun ryks.

**1.** Til að girða fyrir myndun ryks og ná bestum árangri með notkun U-Pol-fylliefna ráðleggjum við einhverja af eftirfarandi aðferðum:

(a) Takið kúfinn af með slípirokk með útsogi og ljúkið verkinu síðan með blaut- og þurrslípun.

(b) Takið kúfin af með boddíþjöl og ljúkið síðan verkinu með blaut- eða þurrslípun.

Sé hvorug ofantaldra aðferða notuð munu rykagnir safnast upp í andrúmsloftinu eins og við hefðbundna þurrslípun. Í slíkum tilvikum er mikilvægt að starfsmenn, sem framkvæma undirvinnuna noti viðeigandi persónuhlífar, svo sem öndunargrímur og vinni verkið utan almenns vinnusvæðis annarra starfsmanna. Ennfremur er sérstaklega bent á mikilvægi þess að öflug loftræsting sé í því rými þar sem þurrslípun fer fram og mælt með ryksíum í útblæstri.

**2.** Enda þótt ekkert af efnum okkar innihaldi asbest í einni eða annarri mynd, má flokka ryk frá slípun fylliefnis sem „ópægingaryk“, sem samkvæmt okkar bestu vitund, hefur á löngum tíma ekki sýnst hafa markverð áhrif á heilbrigði fólks sé þess gætt með forvörnum að halda magni þess innan raunhæfra marka.

**3.** Athugið! Þegar um er að ræða viðgerðir þar sem notað er fylliefni sem **Framhald á bls. 6**

inniheldur trefjaplast á slípun ekki að vera nauðsynleg sé efnið lagt samkvæmt leiðbeiningum. Engu að síður, sé slípunar krafist, mælum við með að viðkomandi starfsmenn noti viðeigandi rykgrímu, sérstaklega ef um vélslípun er að ræða.

- 4.** Svokallaður „steinefnafyllir“ (Mineral filler) (en hann er að finna í flestum boddí-fylliefnum) „í umfram-magni“ telst miðlungs hættu og þess vegna er ráðlegt að beita réttum aðferðum/áhöldum/tækjum við slípun til að minnka hættuna.

Varðandi frekari upplýsingar er vísað til eftirfarandi opinbers skjals (á ensku):

**EH40, EH42, EH44, COSHH Regulations, Environmental Protection Act.**

Upplýsingar um frumheimild: Titill: U-POL Product Safety Data Sheet  
Upol Polyester Fillers cont. Styrene.

Útgáfa nr. II/1 Útgáfudagur: 17. ágúst 2004  
(ógildir fyrri útgáfur)

Framleiðandi efnis og útgefandi öryggisleiðbeininga:

**U-POL Products UK.** Denington Industrial Estates. Denington Road.  
Wellingborough, Northants NN8 2QP. United Kingdom.

Þýtt, unnið og uppsett fyrir N1. hf. í júní 2008

Leó M. Jónsson iðnaðar- og vélátæknifræðingur, Reykjanesbæ.